



Reykjavík, 13. júní. 2024

Holtavegur 29B – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa, breyting á deiliskipulagi – USK24050200

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Richard Ólafs Briem, dags. 16. maí 2024, um breytingu á deiliskipulags fyrir Laugardal, austurhluta, vegna lóðarinnar nr. 29B við Holtaveg sem felst í stækkun lóðarinnar. Einnig fylgja með tvær tillögur að stækkun, ódags. og tillaga sem sýnir áform félagsbústaða á lóðinni, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Heimar, íbúðarbyggð.

Í gildi er deiliskipulagið Laugardalur, austurhluti samþykkt í borgarráði dags. 13.01. 2005 með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir að stækka lóðina að Holtavegi 29 B. Sendar voru inn tvær tillögur. Núverandi lóð er 972 m². Óskað er eftir að stækka lóðina um I) 1144 m² og II) 648 m². Á stærri lóðinni er óskað eftir að setja 12 stæði innan lóðar.

Lóðin er á svæði 1 samkvæmt hjóla og bílastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Á þessu svæði er sérstaklega stefnt að vistvænum ferðamáta og breyttum ferðavenjum þar sem almenningssamgöngur eru góðar. 12 bílastæði innan lóðar er of mikið.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við stækka lóðina líkt og tillaga II sýnir, þá höldum við okkur við sömu línu og lóð nr. 27.

Niðurstaða

Jákvætt að breyta deiliskipulagi í tilliti til þeirra ábendinga sem koma fram í umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri